

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1997

Nr. 573

1278

29. september 1997

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 29. september 1997, staðfest breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001, frá 13. maí 1981 með síðari breytingum.

Breytingin varðar texta með skipulagi reits á Hrólfskálamel, þ.e. takmörkun á fjölda vörflokka er felld niður, sjá skipulagsupprátt, sem staðfestur var 30. desember 1992, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 508/1992.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarness. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 29. september 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 574

3. október 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum nr. 563/1995.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný mgr. sem hljóði svo:

Þegar gildi í viðauka 2 er sett fyrir tiltekinn flokk grænmetis eða ávaxta skal það gilda fyrir allan flokkinn, nema þar sem sérstök gildi eru sett fyrir tilteknar afurðir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 2:

- a) Hámarksgildi eftirfarandi varnarefna falla úr gildi og í stað þeirra koma hámarksgildi samkvæmt lið b:

Diazinon	Klórmequat
Díkofol	Metidation
Endosúlfan	Tíabendazól
Fentin	

Þá skulu gildi fyrir koldísúlfíð einnig falla út.

- b) Hámarksgildi varnarefna samkvæmt viðauka þessarar reglugerðar bætast við viðauka 2 eða koma í stað hámarksákvæða sem þar eru tilgreind.